

# Birtan í híbýlum fólks



Hádegisfundur í Safnahúsinu 9. október 2024  
Ólafur Árnason




## Um skipulag bæja


Guðmundur Hannesson

1. Áhrif ljóssins. Þó íbúar heimskautalandanna og sólskinslausu stórborganna sýni það, að lengi geta menn lifað, þó sjaldan sjái þeir sól, þá dylst það engum manni, hve máttug áhrif sólarljósið hefur. Best sjest þetta á jurtunum. Þær geta fæstar lifað til langframa án birtu og sólskins. Þó ekki verði sama sagt um menn, hefur ljósið mikil áhrif á þá og heilbrigði þeirra. Það gerir efnabyltinguna í líkamanum örvari, kolsýran, sem menn anda frá sjer, eykst. Sækir því fita á dýr, sem lifa í dimmu, og líkamshitinn lækkar. Þá hafa menn veitt því eftirtekt, að blóðrauðinn breytist í skammdegismyrkri heimskautalandanna. Alkunnugt er það, hversu svefn og þunglyndi sækja á fjölda manna í skammdeginu, en hverfa er liður að vori, hversu sólskinið fjörgar og gleður og hefur djúp áhrif á hvern mann. Þó sjálfst sólskinið sje áhrifamest, gætir þess eigi lítið, hvort birtan er mikil eða lítil, dimt yfir eða hjart, þó sól ekki sjáist. Þá er það ótalið, að góð dagsbirta, en einkum sólskin, drepur flestar sóttkveikjur á örstuttum tíma og er því blátt áfram mikilvæg vörn gegn næmum sjúkdómum, berklaveiki o. fl. Sólskinið og birtan sótt-hreinsar blátt áfram herbergi, þar sem sólar nýtur vel. Þá er ekki lítið úr því gerandi, i voru kalda landi, hversu sólin hitar herbergi, hvenær sem hennar nýtur.

Stefna sólargeislanna kl. 6



Stefna sólargeislanna kl. 8 f.m. og 4 e.m.




# Skipulagsreglugerðin

„Við ákvörðun um fjarlægð milli einstakra byggingarreita skal taka tillit til sólarhæðar og skuggavarps, vindstrengja o.fl., eftir því hver notkun bygginganna er.“


„Dvalarsvæði skulu staðsett þannig að hægt sé að njóta þar sólar, skjóls og friðsældar. Þar sem íbúðir eru á jarðhæð skal eftir föngum afmarka þeim svæði á lóð til einkanota.“

Deiliskipulag Hekluareits, breyting 2022




21. mars

kl. 09:00



21. júní

kl. 09:00




21. mars

kl. 13:00




21. júní

kl. 13:00



21. mars

kl. 17:00



21. júní

kl. 17:00


# Leiðbeiningar: Mannlíf byggð og bæjarrými

## Hlutfall húsa og gatna


Hlutfall húsa og gatna ákvarðar hvort bæjarrými muni njóta sólar.

Almennt ætti að forðast húshæðir og hlutföll húsa og gatna sem leiða til skuggavars flesta tíma dagsins.

Jafnframt þarf að horfa til þess hvers konar starfsemi er um að ræða. Þar sem eru íbúðir, samfélagsþjónusta, bæjarrými og aðalgötur ætti að gera ríkari kröfur um birtu og beint sólarljós.



Huga þarf að skuggavarki á aðliggjandi götur, sérstaklega áhrif á gangstéttir og jarðhæðir. Sól að sumri til þýðir ekki að sólar muni njóta á jafndægri (mars og september).




Mótvægisáðgerðir geta falist í því að brjóta upp byggingarmassa og draga inn efri hæðir húsa, til að hleypa sól í gegn.

## Fjöldi tíma til að njóta birtu

Því dýpri sem húskroppar eru því minni dagsbirta nær inn

Svalir ætti að staðsetja svo þær varpi sem minnstum skugga á glugga neðri hæðar

Hærri lofthæð hleypir birtu dýpra inn í rýmið



## Birta í íbúðum

Í hefðbundnu norðlægu borgarumhverfi er dýpt húskroppa oft um sex til níu metrar. Dýpri húskroppar geta myndað rými innandyra sem aldrei njóta birtu. Húskroppa dýpri en 12 metra ætti að forðast.


Huga þarf að stærð og staðsetningu svala. Svalir og svalagangar á efri hæðum geta aukið dýpt húskroppa og haft neikvæð áhrif á birtustig íbúða á neðri hæðum. Með því að raða svölum á víxl má auka birtu á hæðum fyrir neðan.

Til að auka birtu innandyra ætti að horfa til þess að íbúðir nái gegnum húskroppa mannvirkja eða hafi útveggi sem snúi í tvær höfuðáttir, svo birta nái inn á ólíkum tímum dagsins.

Ljósir útveggir, svalir og stórir gluggar auka birtustig jafnt innandyra sem utandyra.

Skuggahliðar mannvirkja geta boðið upp á jafna birtu yfir daginn og nýtast oft vel fyrir atvinnustarfsemi og vinnurými.

- Skerpt betur á kröfum um ljósgæði innan rýmis sem utan
- Vönduð skipulagsgerð hefur lykiláhrif: Þar eru teknar ákvarðanir um staðsetningu byggingarreita, hæðir, fyrirkomulag og útlit bygginga og staðsetningu og aðgengi að opnum svæðum.
- Skerpir á kröfum og viðfangsefnum: Við gerð deiliskipulags þarf að horfa til fleiri þátta en áður. Áhrif fyrirkomulags byggðar, og aðliggjandi byggðar, núverandi sem skipulagðrar, á ljósvist innanhúss jafnt sem utan.



Mynd: Rúnar Gunnarsson/Flickr